

23
5. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsstöðina í Vík.

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst, og auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.00 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

2. Um hemla á kr. 400.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heilum hundruðum watta.

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlið, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingur hemlanna almennt, og sýnja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 100.00 á ári á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.
3. Til kökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23, eða um tvígjaldsmæli á 8 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 50 aura frá kl. 8.30 til 23.
4. Til götulýsingar á 50 aura hverja kwst., og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum eins og hér segir:

Af kwst.mælum, 30 amper og minni kr. 2.00 á mánuði.
 — hemlum, 30 amper og minni — 2.00 — —

23

5. febr.

Af öðrum mælitækjum skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunngjald kr. 500.00 og auk þess 5 kr. af hverju þúsundi króna brunabótamats húsa og mannvirkja allt að 300 þús. kr., en 3 kr. af hverju þúsundi króna þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miða heimtaugargjaldið við það mat.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga þegar uppsetningu heimtaugar er lokið eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 m og loftlínuheimtaugar meira en 60 m, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafmagnsstöðvarinnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal, nr. 4 8. janúar 1926.

Atvinnuáráðuneytið, 5. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.